

Launatrygging

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Í vátryggingarskilmálum þessum eru hugtökin félagið, vátryggingartaki og vátryggður notuð í sömu merkingu og í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. 62. gr. laganna.

Efnisyfirlit

1. gr.	Vátryggingarsvið - biðtími - bótatími	3
2. gr.	Vátryggingarfjárhæð - verðbreytingar	3
3. gr.	Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar	3
4. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu	4
5. gr.	Hvar gildir vátryggingin?	4
6. gr.	Aldurstakmörk	4
7. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - Svik og rangar upplýsingar	4
8. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði	5
9. gr.	Takmarkanir á bótaskyldu	5
10. gr.	Ráðstafanir vegna slyss eða sjúkdóma	5
11. gr.	Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar:	5
12. gr.	Greiðslur bóta	5
13. gr.	Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð	6
14. gr.	Fyrning	6
15. gr.	Ágreiningur	6
16. gr.	Varnarþing	6
17. gr.	Vernd persónuupplýsinga	6

1. gr. Vátryggingarsvið - biðtími - bótatími

Vátrygging þessi greiðir sjúkradagpeninga, ef vátryggður verður óvinnufær sökum sjúkdóms eða slyss og launatekjur hans falla niður.

Með orðinu "óvinnufærni" er átt við, að vátryggður hafi misst starfsorku sína þannig að honum er ókleift að vinna störf sín.

Með orðinu "slyss" er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

Sjúkradagpeningar greiðast að loknu því sjúkratímabili sem samkvæmt vátryggingarskírteininu á að líða áður en bótagreiðslur hefjast en tímabil þetta er nefnt biðtími. Biðtími skal aldrei vera skemmri en sá tími sem vátryggður nýtur réttar til launa frá vinnuveitanda. Greiðslu sjúkradagpeninga lýkur þegar vátryggður hefur endurheimt starfsorku sína þó aldrei lengur en þann hámarksbótatíma sem fram kemur í vátryggingarskírteininu.

Við algjöran (100%) starfsorkumissi greiðast umsamdir sjúkradagpeningar að fullu en við minni starfsorkumissi, 50% eða meiri, sami hundradshluti og starforkumissirinn er metinn.

2. gr. Vátryggingarfjárhæð - verðbreytingar

Vátryggingarfjárhæðir er samkvæmt samningi um vátrygginguna milli vátryggingartaka og félagsins. Fjárhæðin tekur breytingum í samræmi við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs frá upphafsdegi vátryggingarinnar. Upplýsingar um vátryggingarfjárhæð og vísitölu sem miðað er við koma fram í vátryggingarskírteini.

3. gr. Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar

3.1 Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

3.2 Endurnýjun

Vátrygging sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Tilkynning þarf að berast félaginu innan eins mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils.

Félagið tilkynnir vátryggingartaka í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda, ef það hyggst ekki framlengja vátrygginguna. Félagið getur gert breytingar á vátryggingaskilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar.

3.3 Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
3. eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. vátryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. vátryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;

4. ef aðstæður váttryggðs, þ.á.m. starf hans eða lífshættir, breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:

- félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar;
- það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;

5. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, sbr. 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

4. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi.

5. gr. Hvar gildir váttryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

6. gr. Aldurstakmörk

Váttryggingin gildir einungis í eitt ár frá fyrsta gjalddaga eftir að váttryggður hefur náð 64 ára aldri, nema öðruvísi sé ákveðið.

7. gr. Brot á upplýsingaskyldu - Svik og rangar upplýsingar

7.1 Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða líftryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingarburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða líftryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

7.2 Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingarburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

8. gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði

8.1 Ásetningur

Ef vátryggður hefur af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004.

8.2 Stórkostlegt gáleysi

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

9. gr. Takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin greiðir ekki bætur vegna óvinnufærni vátryggðs, sem stafar beint eða óbeint af einhverri neðangreindra orsaka:

- Stríðs, óeirða, uppþota, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.
- Slyss sem beint eða óbeint er af völdum jarðskjálfta, eldgosa, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.
- Umferðarslyss, sem lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja eða slysatrygging ökumanns og eigenda ná til.
- Sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en vátryggingin gekk í gildi nema félagið hafi vitað um það við gildistöku og veitt vátrygginguna þrátt fyrir það.
- Sjúkdóms sem má rekja til neyslu lyfja, áfengis, eða annarra ávana- eða fíkniefna.
- Ryskinga eða þátttöku í refsiverðum verknaði.
- Hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

10. gr. Ráðstafanir vegna slyss eða sjúkdóma

Vátryggður skal leita læknis strax eftir að slyss eða sjúkdóm hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.

Tilkynna skal slyss og sjúkdóma þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.

Valdi slyss eða sjúkdómur dauða, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er.

Þegar sjúkdóm eða slyss ber að höndum er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða vátryggðan.

Félagið hefur hvenær sem er rétt til þess að krefjast allra þeirra vottorða og gagna sem það telur nauðsynleg til að sannreyna greiðsluskyldu úr vátryggingu þessari.

11. gr. Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar:

Félagið greiðir venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati félagsins nauðsynleg til afgangi kröfu um bætur úr vátryggingunni. Í þessu felst, að félagið greiðir án sérstaks samþykkis fyrir hefðbundin læknisvottorð, svo sem áverkavottorð og einfalt vottorð um óvinnufærni. Auk þessa greiðir félagið kostnað vegna annarra vottorða, sem félagið telur nauðsynleg og aflað er að beiðni þess eða með samþykki þess. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaástoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna vátryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

12. gr. Greiðslur bóta

Félagið greiðir vátryggingarbætur strax þegar það hefur fengið nauðsynlegar upplýsingar sem gera því kleift að ganga úr skugga um ábyrgð þess og fjárhæð þá sem greiða ber.

Greiðslan miðast við þá fjárhæð sem í gildi er þegar vátryggingaratburðurinn verður, nema annað sé tilgreint í þeim almennu eða sérstöku skilmálum sem gilda um vátrygginguna.

Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða upphæð bótanna.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

13. gr. Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð

Vátryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

14. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr vátryggingu þessari fymast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

15. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

16. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

17. gr. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna vátryggingar þessarar aðeins við mat á vátryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á vátryggingavernd og veita vátryggingartaka ráðgjöf um val á vátryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til vátryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006 og koma í stað skilmála sem giltu frá 1. janúar 2000.

[Efst á skjal](#)